

Nd.

201. Nefndarálit

[102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu, að fjárhæðin hækki úr 3580 millj. kr. í 4610 millj. kr.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir heildarlántökum að fjárhæð 9770 millj. kr. Þegar hefur verið leitað eftir heimildum í lögum fyrir allt að 5160 millj. kr.

Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögu við það er leitað heimildar fyrir ríkissjóð til erlendrar lántöku að fjárhæð 4610 millj. kr. Þessi fjárhæð sundurliðast þannig, að 990 millj. kr. eru ætlaðar til vörukaupalána, en 3620 millj. kr. fyrst og fremst til raforkuframkvæmda, þ. á m. að hluta til Kröfluvirkjunar og norðurlínu.

Síðar verður endanlega ákveðið hvernig erlenda lánsféð skiptist milli einstakra framkvæmda.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 1. gr. Í stað „3580 millj. kr.“ komi: 4610 millj. kr.

Alþingi, 17. des. 1975.

Ólafur G. Einarsson,
form.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Tómas Árnason,
frsm.

Lárus Jónsson.

Þórarinn Þórarinsson.